

Alþingi
Erindi nr. P 140/1439
komudagur 6.3.2012

Samtök íslenskra fiskimanna

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 1. mars 2012.

Efni: Umsögn Samtaka íslenskra fiskimanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006 þskj. 207--202. mál.


Almennt um frumvarpið.

Samtök íslenskra fiskimanna lýsa stuðningi við frumvarp þetta. Við teljum að þetta sé eina frumvarp sem að fram hefur komið sem að tryggir jafnræði þegnanna til nýtingar auðlindarinnar og jafnframt tryggir að eðlilegt gjald komi fyrir nýtingu auðlindarinnar. Eins furðulegt sem að það er þá er þetta það frumvarp sem að næst kemst að uppfylla kosningaloforð ríkisstjórnarflokkanna síðan fyrir kosningarnar 2009.

Samtök íslenskra fiskimanna telja framkomar hugmyndir um auknar strandveiðar skynsamlegar og hóflegar.

Hvað varðar það atriði frumvarpsins að færa allar heimildir til þess sem þær voru við gildistöku laga nr. 38/1990 og að fela sveitafélögum heimildirnar til útleigu teljum við þó vera að nokkru leiti óheppilegt og ekki útséð með að þær samrýmist fullkomlega jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Einnig hafa orðið slíkar breytinga á búsetu hér á landi á undanförunum tveimur áratugum að þetta kann að vera óheppilegt.

S.Í.F. leggur því til að stofnaður verið Auðlindasjóður sem að sér um að leigja út aflaheimildir. Jafnframt verði aflaheimildir bundnar við landshluta og aðeins geti lítið hlutfall færst á milli landshluta á hverju ári. Ekki er gerð athugasemnd við það að aflaheimildir verði bundnar við landsvæði miðað við úthlutun 1991. Við teljum ávinnig byggðanna af bættu kerfi gríðarlega mikinn og því í raun enga sanngirni í því að þau fái jafnframt allar tekjur af útleigu aflaheimilda. Enda eru fiskistofnarnir sameign þjóðarinnar og eðlilegt að veiðileyfagjöld komi í sameiginlega sjóði landsmanna.



Samtök íslenskra fiskimanna

Varðandi 3. gr. d viljum við að gengið verði lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir. Allan afla ætti að selja á fiskmarkaði sé slíkt mögulegt. Jafnframt ætti að skoða kosti þess að koma á fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu.

Varðandi 4. gr. c teljum við óæskilegt að svæðisskipta landinu. Ekki verður með nokkru móti séð að nauðsyn sé á slíkum takmörkunum og er það eitt og sér næg ástæða til að fella ákvæðið út. Þar að auki er vart skynsamlegt að takamarka ferðafrelsi sjómanna á litlum bátum. Að síðustu má nefna að tölverður aðstöðumunur verður með þessum hætti milli þeirra sem að gera út frá jaðri hvers svæðis og hinna sem að eru á miðju svæði.

Annað:

S.Í.F. lýsir yfir eindregnum stuðningi við þetta frumvarp og við teljum að þó svo það verði óbreytt að lögum yrði það stórkostleg bót á því meingallaða kerfi mismununar og mannréttindabrota sem að nú er við líði.


Samtök íslenskra fiskimanna áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Jafnframt lýsa samtökin sig reiðubúin til fundar um efnið sé eftir því óskað.

Stjórn samtaka íslenskra fiskimanna, S.Í.F. býður þér hér með að mæta á aðalfund samtakanna þann 24. febrúar n.k. kl. 16:00.

Fundurinn verður haldinn í fundarsal Félags atvinnurekenda í Húsi Verslunarinnar 9. hæð.

Það væri okkur sönn ánægja ef þú sæir þér fært að þiggja þetta boð og ef til vill að ávarpa fundinn að lokinni skýrslu formanns.

Virðingarfyllt
f.h. S.Í.F.


Snæbjörn Ingvarsson ritafi